



Landssamband Hestamannafélaga  
b.t. Berglindar Karlsdóttir  
Engjavegur 2  
104 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2024  
Tilvísun: 2024020285/I.E.M.

### Efni: Svar við erindi vegna álitsbeiðni

Persónuvernd vísar til beiðni Landssambands hestamannafélaga, dags. 7. febrúar 2024, um álit Persónuverndar á því hvort tiltekið verklag á vegum sambandsins samræmist persónuverndarsjónarmiðum og hvort þörf sé á vinnslusamningi vegna þess.

Persónuvernd hefur eftirlit með allri vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir persónuverndarlöggjöfina. Undir eftirlit Persónuverndar getur því fallið vinnsla á persónuupplýsingum hjá fyrirtækjum, stofnunum, sveitarfélögum og samtökum. Persónuvernd tekur á móti fjölda erinda er varða löggjöfina frá fjölbreyttum hópi aðila, svo sem einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og ráðuneytum. Erindin geta verið í formi fyrirspurna, kvartana, álitsbeiðna, umsagnarbeidna, beiðna um fund, o.fl., og er málum forgangsraðað eftir mikilvægi þeirra hverju sinni.

Með lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og reglugerð (ESB) 2016/679, er Persónuvernd falin ákvæðin verkefni sem stofnuninni ber að sinna. Eitt af lögbundnum verkefnum Persónuverndar er að veita Alþingi, stjórnvöldum og öðrum aðilum ráðgjöf á sviði lagasetningar og stjórnsýslu sem tengist vernd einstaklinga við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 2. tölul. 5. mgr. 39. gr. laganna. Þá hefur Persónuvernd einnig heimild til þess að veita ráðgjöf og gefa álit á grundvelli 43. gr. laganna.

Erindi Landssambands hestamannafélaga telst ekki til lögbundinna verkefna Persónuverndar sem stofnuninni ber að sinna samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og reglugerð (ESB) 2016/679. Með vísan til alls framangreinds og nauðsyn Persónuverndar til forgangsröðunar mála telur stofnunin ekki forsendur til þess að verða við framkominni beiðni sambandsins.

**Með vísan til framangreinds tilkynnist hér með að beiðninni hefur verið synjað og málun lokað í málaskrá stofnunarinnar.**

F. h. Persónuverndar

Edda Þuríður Hauksdóttir

Ingunn Elísabet Markúsdóttir